

**Ed.**

**109. Frumvarp**

til laga um breytingar á lögum nr. 61, frá 28. nóvember 1919, um bæjarstjórn á Seyðisfirði.

Flutningsm.: Jóh. Jóhannesson.

1. gr.

Í 6. gr. 4. málsg. laganna komi i stað orðanna »3 dögum á undan kjördegi«: 3 dögum á undan fyrsta kjördegi.

2. gr.

Önnur málsg. 14. gr. laganna orðist þannig:  
Lögregluþjóna og næturverði skipar bæjarstjórnin og veitir þeim lausn, hvorttveggja í samráði við bæjarfógeta.

3. gr.

Í stað orðanna í 16. gr. 1. málsg. laganna »1—2 krónum« komi: 1—4 krónum.

4. gr.

A eftir orðunum í 17. gr. 2. málsg. laganna »Á sildveiði« komi: sildarkaup, fiskikaup.

5. gr.

5.—7. málsg. 18. gr. laganna orðist svo:  
Niðurjöfnunarnefnd skal hafa lokið niðurjöfnun aukaútsvara og vatns-skatts í lok desembermánaðar.

Til þess að áætluð upphæð gjaldanna eftir efnum og ástæðum náist full og rýrist eigi við lækkun bæjargjalda, burtför gjaldenda úr bænum eða árangurslaust lögtak o. s. frv., er nefndinni heimilt að jafna niður alt að 10 af hundraði meira en tekið er til í áætluninni.

Niðurjöfnunarskráin skal liggja til sýnis 1.—15. janúar á hentugum stað, sem nefndin auglýsir.

6. gr.

2. málsg. 23. gr. laganna orðist þannig:  
Eigi má bæjargjaldkeri greiða neitt úr bæjarsjóði nema eftir ávísun oddvita, eða þess manns, sem bæjarstjórn hefir falið það sjerstaklega, en áður skal greiðslan vera samþykkt af 2 bæjarfulltrúum, er hún heyrir undir.

#### 7. gr.

Í stað orðanna í 2. málsg. 27. gr. laganna »Skulu þeir kosnir samtímis og á sama hátt og niðurjöfnunarnefnd« komi: Skulu þeir kosnir af bæjarstjórninni.

#### Greinargerð.

Breytingar þær á bæjarstjórnarlögum Seyðisfjarðarkaupstaðar, sem frv. þetta felur í sér, eru samþykktar til fullnustu af bæjarstjórninni þar, á fundi hennar 19. f. m., og eru bornar fram eftir ósk hennar. Það getur nú orkað tvímælis, hvort rjett sje að gera þær allar, og gegn einni þeirra (3 gr. þessa frv.) hefir Alþingi borist mótmælaskjal frá um 40 kjósendum á Seyðisfirði. Mjer hefir þó þótt rjett að bera breytingartillögurnar fram eins og bæjarstjórnin gekk frá þeim, þótt jeg geti ekki sjálfur aðhyllst þær allar.